

## Aðalfundur Sjóvá- Almennra trygginga hf. 2022

### Fundargerð

Föstudaginn 11. mars 2022, kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn á Hótel Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík en að auki var boðið upp á rafræna þátttöku í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.
8. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.
9. Kosning stjórnar félagsins.
10. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.
12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar.
13. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
14. Önnur mál löglega upp borin.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 sem og starfskjarastefna.

Mættir voru til fundar Hermann Björnsson forstjóri félagsins, Björgólfur Jóhannsson formaður stjórnar og stjórnarmennirnir Hildur Árnadóttir, Guðmundur Örn Gunnarsson og Ingi Jóhann Guðmundsson. Þá sátu fundinn þau Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Sæmundur Valdimarsson frá endurskoðanda félagsins KPMG.

Formaður stjórnar setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara í samræmi við lög nr. 2/1995 um hlutafélög og samþykktir félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir að mætt var fyrir eigendur samtals 76,95% af atkvæðisbæru hlutafé í félaginu.

Í byrjun fundar útskýrði fundarstjóri hvernig framkvæmd fundarins yrði þar sem fundurinn fór fram sem bæði stað- og rafrænn fundur. Þá fór fundarstjóri yfir kosningafyrirkomulag fundarins sem var eingöngu með rafrænum hætti í gegnum snjalltæki eða tölvu.

Áður en gengið var til dagskrár lagði fundarstjóri til að dagskrárliðir 1 og 2 yrðu afgreiddir saman og var sú tillaga samþykkt.

### 1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2021

Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Björgólfur fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2021 en hann kvað rekstur Sjóvár hafa verið með besta móti á árinu þrátt fyrir sérstakar aðstæður í samfélaginu. Reksturinn hafi einkennst af góðum iðgjaldavexti umfram vöxt eigin tjóna sem væri í samræmi við stefnu Sjóvár um viðunandi arðsemi af váttryggingarekstrinum. Hann sagði að þessi góði árangur s.l. ár byggði á aðgerðum varðandi iðgjaldasetningu, áhættumat, forvarnir og aukna sölu sem stjórnendur hefðu lagt ríka áherslu á allt frá því að félagið var skráð á hlutabréfamarkað.

Björgólfur greindi einnig frá því að 29.500 tjónslausir viðskiptavinir hefðu fengið stofnendurgreiðslu samtals fyrir 723 m.kr. á árinu. Björgólfur fjallaði um ákvörðun félagsins um að fella aftur niður maí gjalddaga ökutækjatrýgginga vegna góðrar afkomu og hagfelldrar tjónaþróunar. Þá greindi hann frá því að síðustu tvö ár hafi viðskiptavinir fengið samtals 1.300 m.kr. í stofnendurgreiðslu og með niðurfellingu maí gjalddaga 2020 og aftur nú 2022 hafi viðskiptavinir félagsins fengið samtals 2.600 m.kr. endurgreiddar eða niðurfelldar á tveggja ára tímabili.

Björgólfur ræddi um breiðan og öflugan hóp hluthafa sem samanstendur af lífeyrissjóðum, einstaklingum og fyrirtækjum, verðbréfasjóðum og fjármálafyrirtækjum. Hann greindi frá hlutfjárleggum sem var samþykkt á hluthafafundi í október 2021 og kom til framkvæmda í nóvember, hann fór yfir viðmið stjórnar um gjaldþol félagsins, arðgreiðslustefnu félagsins og tillögu þess um arðgreiðslu að fjárhæð 3.850 m.kr. eða 3,14 kr./hlut.

Björgólfur greindi frá áherslum Sjóvár í forvörnum og forvarnarverkefnum ársins 2021 sem voru afar fjölbreytt. Björgólfur sagði frá því að á árinu 2021 hefði Sjóvá greitt stærsta styrk sem félagið hefði nokkurn tímann veitt til einstaks verkefnis eða 142,5 m.kr. sem yrði ráðstafað í smíði nýrra björgunarskipa Landsbjargar. Að lokum greindi stjórnarformaðurinn frá stefnumótunavinnu sem fram fór á árinu þar sem Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna voru höfð í huga og hugmyndir unnar út frá því hvernig Sjóvá gæti lagt sitt af mörkum til að stuðla að sjálfbærni og vernd umhverfisins.

Að endingu þakkaði Björgólfur starfsfólki og forstjóra fyrir frábæra frammistöðu og metnað til að gera vel í starfi og þjónusta viðskiptavini félagsins. Þá þakkaði hann viðskiptavinum tryggð þeirra á árinu.

### 2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2021 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri félagsins fór yfir ársreikning félagsins, stöðu þess á markaði og það sem hæst bar á árinu. Hann greindi frá því að endurskoðendur félagsins hefðu gefið út það álit að samstæðurársreikningurinn gæfi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2021 og að það væri tillaga stjórnar að ársreikningurinn yrði samþykktur.

Hermann sagði árið 2021 hafa verið afar gott rekstrarár. Afkoma félagsins hafi verið 9.570 m.kr. eftir skatta, samsett hlutfall 90,9% og ávöxtun fjárfestingareigna 18,5%. Hann kvað góðan árangur félagsins skýrast af sterkum grunnrekstri, heilbrigðum iðgjaldavexti og stækkandi markaðshlutdeild félagsins. Horfur fyrir árið 2022 væru góðar og gera mætti ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta yrði um 1.800-2000 m.kr. og samsett hlutfall um 93-95%. Hermann greindi frá því að félagið leggi áherslu á arðsemi í váttryggingastarfseminni. Hermann kvað félagið ætla að halda áfram á þeirri vegferð að viðhalda stöðunni sem þjónustufyrirtæki í fremstu röð með sterkt útibúanet með áherslu á rafræna þjónustu og mannlega mýkt. Þá yrði horft til þess að þarfir og neysluvenjur viðskiptavina breytist hratt og að þjónustuframboð og vöruframboð þyrfti að taka mið af því.

Í máli Hermanns kom fram að 92% viðskiptavina félagsins gefa því einkunn á bilinu 8-10 í þjónustukönnunum. Fram kom að félagið hafi framkvæmt 1.000 rafrænar tjónaskoðanir á árinu með innleiðingu nýs kerfis „InnSýn Sjóvá“. Hermann greindi frá því að félagið hafi styrkt Landsbjörgu um 142 m.kr. og að félagið hafi verið efst í ánægjuvöginni fimmta árið í röð og verið kosið fyrirtæki ársins árin 2018, 2019, 2020 og 2021. Hermann sagði frá því að starfsánægja og árangur í ánægjuvöginni héldust í hendur og að starfsánægja hjá Sjóvá væri með því besta sem gerist. Hermann talaði um að samdráttur hefði verið í eknum km. síðustu mánuði en þar spilaði Covid inn í. Á móti kæmi mikil ófærð sem hefði áhrif á slysatíðni, kostnað og afkomu og fróðlegt yrði að fylgjast með framvindunni. Rætt var um niðurfellingu maí gjalddaga og góða reynslu af þessari sömu aðgerð árið 2020 sem mun hafa aukið tryggð og viðskipti. Þá var rætt um mikinn vöxt í hluthafahópnum og sýndar glærur yfir dreifingu hlutafjäreignar í félaginu. Hermann greindi einnig frá því að Sjóvá hefði gert samfélagsskýrslu og birt hana á vef félagsins og hvatti hann hluthafa til að kynna sér skýrsluna þar sem finna mætti markmið og áherslur félagsins í umhverfismálum.

Þá fór Hermann yfir ársreikning félagsins.

#### Um rekstrarreikninginn

Iðgjöld 2021 námu tæpum 24 ma.kr. og hækkuðu um 15% frá árinu áður. Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum ársins hækkaði um 1%. Eigin iðgjöld námu 22.928 m.kr. og hækkuðu um 15,7%. Fjármunatekjur námu 497 m.kr. og hækkuðu um 4,4%. Fjárfestingartekjur námu 8.384 ma.kr. og hækkuðu um 59% milli ára. Aðrar tekjur námu 242 m.kr. og heildartekjur ársins voru 31.544 m.kr. sem gerir 24,7% hækkun frá árinu áður. Tjónin námu 16.556 m.kr. á árinu 2021 en voru 14.720 árið áður sem þýðir hækkun um 12,5%. Hluti endurtryggjenda í tjónum var 249 m.kr. en var 496 m.kr. árið 2020. Hluti endurtryggjenda lækkaði því um 49,8%. Eigin tjón námu 16.307 m.kr. Rekstarkostnaður ársins 2021 var 4.998 m.kr. en 4.479 m.kr. árið áður og hækkaði um 11,6% milli ára. Heildargjöld ársins námu 21.206 m.kr. á móti 19.380 m.kr. árið 2020. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 10.347 m.kr. og hækkaði um 74,5% milli ára. Tekjuskattur var 778 m.kr. þannig að heildarhagnaður ársins 2021 var 9.570 m.kr. miðað við 5.300 m.kr. árið áður. Hagnaður á hlut var 7,34.

#### Um efnahagsreikninginn

Rekstarfjármunir 2021 voru tæpir 478 m.kr., leigueignir 1.292 m.kr., viðskiptavild 244 m.kr. og verðbréf hækkuðu í 50.836 m.kr. Benti Hermann á skýringar 19 og 20 í ársreikningi. Fjárfestingar með fjárfestingaráhættu líftryggingartaka voru 6.062 m.kr., endurtryggingaeignir 935 m.kr., viðskiptakröfur hækkuðu í 6.912 m.kr. og haldbært fé 1.095 m.kr. Hermann kvað heildareignir félagsins nema 67.856 m.kr. Hermann fór yfir eigið fé en samtals nemur það tæpum 24.339 m.kr. Skuldarnar nema samtals 43.518 ma.kr. en þar vegur váttryggingaskuldin mest eða rúmlega 33.341 m.kr. og líftryggingaskuld með

fjárfestingaráhættu váttryggingartaka 6.062 ma.kr. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir hækkuðu. Hermann vísaði til skýringar 25 um gjaldþolshlutfall, um breytingar á eigin fé á bls. 12 í ársreikningnum, skýringar nr. 3 og skýringa 29-36 um áhættustýringu og skýringar 41, þ lið um innleiðingu á nýjum og endurbættum stöðlum.

Að loknu erindi Hermanns bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls um dagskrárliði 1 og 2. Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundarstjóri bar þá endurskoðaða reikninga félagsins fyrir síðastliðið reikningsár upp til samþykktar. Að kosningunni lokinni tilkynnti fundarstjóri að upp hefðu komið tæknileg vandamál og að endurtaka þyrfti kosninguna. Í endurtekinni kosningu voru endurskoðaðir reikningar félagsins samþykktir.

### 3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar sem var eftirfarandi:

„Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður sem nemur kr. 3,14 á hlut fyrir rekstrarárið 2021 eða um 3.850 m.kr. Arðsákvörðunardagur er 11. mars 2022 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags 15. mars 2022, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 14. mars 2022 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 30. mars 2022.“

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt.

### 4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Fundarstjóri greindi frá tillögu stjórnar um að starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt óbreytt frá fyrra ári. Bent var á að stefnan lægi fyrir í fundargögnum og hefði einnig verið birt á heimasíðu félagsins.

Bauð fundarstjóri fundarmönnum að taka til máls og það þáði Árni Hrafn Gunnarsson fyrir hönd Gildis lífeyrissjóðs. Árni sagði að stefna félagsins væri að bjóða upp á samkeppnishæf laun og að lífeyrissjóðurinn hefði ekki athugasemdir við þá nálgun en teldi að hún mætti endurspeglast betur í starfskjarastefnunni. Fram kom að lífeyrissjóðurinn samþykkti stefnuna en vildi koma á framfæri vinsamlegri ábendingu um að þetta yrði skoðað betur fyrir næsta ár.

Í framhaldinu tók Björgólfur Jóhannsson stjórnarformaður til máls. Þakkaði hann ábendinguna og greindi frá því að félagið myndi að sjálfsögðu taka málið til skoðunar. Að því sögðu þá tók hann fram að hann hefði litið svo á að kaupaukakerfi yrði ekki tekið upp samkvæmt reglum félagsins nema að undangenginni samþykkt hluthafafundar.

Engar frekari umræður urðu um tillöguna. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt.

### 5. Tillaga um lækkun hlutfár vegna kaupa á eigin hlutum

Kynnt var eftirfarandi tillaga stjórnar félagsins um lækkun á hlutfé þess:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 11. mars 2022 samþykkir að hlutfé félagsins verði, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, lækkað um kr. 52.095.512 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutfafélög. Hlutfé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.267.617.016 að nafnverði í kr. 1.215.521.504 að nafnverði.“

Las fundarstjóri upp greinargerðar stjórnar um tillöguna.

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt.

## 6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir svohljóðandi tillögum stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

### Tillaga I:

Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækkun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. hljóði eftirleiðis svo:

*„Hlutfé félagsins er kr. 1.215.521.504 – einn milljarður tvö hundruð og fimmtán milljónir, fimm hundruð tuttugu og eitt þúsund, fimm hundruð og fjórar krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“*

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt.

### Tillaga II:

Gerð er tillaga um breytingu á 9. gr. samþykktu sem rafrænum skjalasamskiptum sem felast í því að fella út eftirfarandi setningar í fyrstu málsgrein:

*„Stjórn félagsins skal setja reglur um framkvæmd rafrænna samskipta og þær kröfur sem gera skal til hugbúnaðar sem vera skal hluthöfum aðgengilegur. Þeir hluthafar sem hyggjast nýta sér rafræn samskipti við félagið með þessum hætti skulu staðfesta það í samræmi við þær reglur sem stjórn félagsins setur.“*

9. gr. orðast þá í heild sinni svo:

*„Heimil er notkun rafrænna skjalasamskipta og rafræns í samskiptum milli félagsins og hluthafa í stað þess að senda eða leggja fram skjöl rituð á pappír. Nær heimildin til hvers kyns samskipta milli félagsins og hluthafa, svo sem um boðun hluthafafunda, greiðslu arðs eða annarra tilkynninga sem félagsstjórn ákveður að send skuli hluthöfum. Eru slík rafræn samskipti jafngild samskiptum rituðum á pappír.“*

Fundarstjóri fór yfir greinargerð stjórnar með tillögunni.

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt.

### Tillaga III:

Í 12. gr. um fundarboðun aðalfundar, 4. tölulið 2. málsgreinar, er lagt til að brott falli orðin „þar til bærrí stofnun í félaginu að lögum“ og í staðinn komi „stjórn og/eða nefndum félagsins“. Eftir breytingu orðast töluliðurinn þá svo:

*“Ályktunartillögur eða eftir atvikum athugasemdir frá stjórn og/eða nefndum félagsins varðandi hvert atriði í drögum að dagskrá aðalfundar. Einnig skal bæta ályktunartillögum hluthafa við á vef félagsins eins fljótt og auðið er eftir móttöku þeirra”.*

Fundarstjóri gaf hluthöfum síðan tækifæri á því að taka til máls um tillöguna. Enginn óskaði eftir því að taka til máls um hana. Var því næst gengið til atkvæða um tillöguna. Tillagan var samþykkt.

## 7. Tillögur um breytingar á starfsreglum tilnefningarnefndar.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tillögu stjórnar um að gerðar yrðu lagfæringar á tilvísunum til samþykktar í starfsreglum tilnefningarnefndar og orðalagi varðandi kosningar nefndarmanna. Tillögurnar voru þannig:

- „Leiðrétt verði tilvísun til samþykktar í aðfararorðum þar sem vísað skal til 24. gr. í stað 22. gr. áður.
- Fyrirsögn 2. gr. verði „Samsetning og kosning“ í stað „Skipun og samsetning.“
- Í gr. 2.3 og 2.5 falli brott 18. gr. og verði 20. gr. svo þær vísi til rétttra greina í samþykktum félagins.
- Í gr. 2.4 falli brott „Um“ í annarri setningu málsgreinarinnar og einnig „fer að öðru leyti skv. 1. mgr. 18. gr. samþykktar félagsins að breyttu breytanda“ og í staðinn komi „skal skilað til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu félagsins“.
- Grein 2.4 orðast svo eftir breytingu: „Framboð til tilnefningarnefndar skal hafa borist skriflega til stjórnar félagsins eigi síðar en fimm dögum fyrir aðalfund. Tilkynning um framboð til nefndarinnar skal skilað til stjórnar félagsins á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu félagsins“.
- Í grein 2.6 falli brott „ekki síðar en 6 mánuðum fyrir aðalfund“.
- Grein 2.6. orðast svo eftir breytingu: „Tilkynna skal um skipun nefndarmanna á vefsíðu félagsins“.

Engar umræður urðu um tillögurnar og vor þær bornar undir fundinn og samþykktar.

## 8. Formaður tilnefningarnefndar gerir grein fyrir störfum nefndarinnar.

Katrín S. Óladóttir formaður tilnefningarnefndar greindi frá störfum nefndarinnar árið 2021, tilgangi og tillögum. Katrín kvað nefndina hafa fundað 7 sinnum á TEAMS á starfstímabilinu. Þá kom fram að nefndin hefði auglýst eftir framboðum í Kauphöllinni. Nefndin lagði mat á störf einstakra stjórnarmanna og var árangursmat stjórnar haft til hliðsjónar. Þá fundaði nefndin með fulltrúum sex hluthafa. Vísaði Katrín til skýrslu nefndarinnar þar sem farið var ýtarlega yfir matið. Katrín sagði að tilnefningarnefndin væri einróma sammála því að leggja það til að stjórn félagsins yrði áfram skipuð sömu stjórnar- og varastjórnarmönnum. Fram kom að nefndin teldi hópinn mynda sterka og faglega heild sem byggi yfir mikilli reynslu og breiðri og mikilli þekkingu á fjármálum, reikningsskilum og lagaskilyrðum skráðra félaga.

Að lokum þakkaði Katrín gott samstarf í nefndinni og þakkaði sérstaklega starfsmanni nefndarinnar Pálín Dögg Helgadóttur.

## 9. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Björgólfur Jóhannsson kt. 280855-3409, Hólatúni 2, 600 Akureyri.
- Guðmundur Örn Gunnarsson, kt. 060163-2869, Urðarhæð 2, 210 Garðabæ
- Hildur Árnadóttir, kt. 040866-3459, Funafold 87, 112 Reykjavík.
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ
- Ingunn Agnes Kro, kt. 270382-3989, Gvendargeisla 110, 113 Reykjavík

Í framboði til varamennsku í stjórn:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi,
- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.

Sjálfkjörið var í aðalstjórn og varastjórn þar sem önnur framboð bárust ekki. Lýsti fundarstjóri aðalstjórn og varastjórn réttkjörna stjórn félagsins.

Þá var gengið til næsta dagskrárliðar.

#### 10. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

KPMG ehf. var kosið endurskoðunarfélag félagsins til fimm ára á aðalfundi félagsins 15. mars 2018 og er það í samræmi við 4. mgr. 70. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Samkvæmt sama lagaákvæði verður kjörnum endurskoðanda eingöngu vikið frá innan þess kjörtímabils að fengnu áleti endurskoðendaráðs. Þar sem fimm ára kjörtímabili KPMG er ekki lokið var það tillaga stjórnar að staðfesta að KPMG yrði áfram endurskoðunarfélag Sjóvár.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún samþykkt.

#### 11. Kosning nefndarmanna í tilnefningarnefnd.

Í framboði til setu í tilnefningarnefnd voru eftiraldir:

- Finnur R. Stefánsson, kt. 141069-3659, Mávanesi 19, 210 Garðabæ
- Katrín S. Óladóttir, kt. 201053-5609, Norðurbakka 1A, 220 Hafnarfirði
- Sigríður Olgeirsdóttir, kt. 050560-4309, Digranesvegi 22, 220 Kópavogi

Sjálfkjörið var í tilnefningarnefnd þar sem önnur framboð bárust ekki. Lýsti fundastjóri tilnefningarnefndina rétt kjörna.

#### 12. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins og tilnefningarnefndar

Lagt var til að stjórnarlausn yrðu hækkuð úr kr. 398.000 á mánuði í kr. 415.000 og að laun stjórnarformanns myndu hækka úr kr. 781.000 á mánuði í kr. 815.000. Þá var lagt til að hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla kr. 415.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 143.000 fyrir hvern fund sem hann situr.

Varðandi þóknun nefndarmanna tilnefningarnefndar þá var lagt til að hún yrði kr. 32.000 á mánuði og kr. 43.000 fyrir hvern fund og að formaður fái 50% álag.

Engar umræður urðu um tillögurnar og voru þær bornar undir fundinn og samþykktar.

#### 13. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Tillagan hljóðaði svo:

*„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 11. mars 2022 veitir stjórn félagsins heimild, að fengnu samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, til að kaupa allt að 121.552.150 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara*

*fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“*

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt.

#### 14. Önnur mál.

Fundarstjóri bauð fundarmönnum að taka til máls undir þessum dagskrárlið en engin önnur mál höfðu borist.

Þjörgólfur Jóhannsson stjórnarformaður tók til máls og þakkaði þeim Jóni Birgi Guðmundssyni og Vilborgu Loftsfyrir störf þeirra í tilnefningarnefnd og bað fundinn um að klappa fyrir þeim sem var og gert.

Að svo búnu fól fundarstjóri fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykta félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fundastjóri þakkaði fundarmönnum fyrir.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 16:23

Fundarstjóri:

  
Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:

  
Ásdís Kjerulf, hdl.